



SAGNAARFURINN OG MUNNLEG GEYMD

Sagnaarfurinn

- Sögur í bundnu eða óbundnu máli sem varðveist hafa um lengri eða skemmri tíma í munnlegri geymd áður en þær voru skráðar niður.
 - Bundið mál = kvæði
 - Bragarháttur, formúlur og staðlað orðalag styður við minnið
 - Ljóðstafir = stuðlar og höfuðstafir
 - Rím, bæði innrím og endarím
 - Dæmi: Eddukvæði
 - Óbundið mál = lausamálstextar
 - Frásagnarmynstur, formúlur og stöðluð minni
 - Dæmi: Goðsögur, þjóðsögur, Íslendingaþættir og Íslendingasögur

Munnleg geymd og munnmenntir

- Bókmenntir landnámsmanna voru munnmenntir
 - Sögur varðveitast í minni og munni alþýðu og/eða sagnaþula.
 - Sögur taka breytingum, t.d. með hliðsjón af markhópnum.
 - Ólíkar útgáfur sömu sagna hafa varðveist.
 - Galli: Glatast auðveldlega með tíð og tíma.
 - Seinna skráðar á bókfell eða pappír -> bókmenntir
 - Sumar strax á 12. og 13. öld, t.d. eddukvæði, goðsögur, Íslendingaþættir og –sögur
 - Annað ekki fyrr en á 19. og 20. öld, t.d. þjóðsögur og ævintýri
- Ganga sögur enn munnmælum?

Munnleg geymd í nútímanum

➤ Brandarar

Það voru tveir tómatar að labba yfir götu. Bíll keyrði yfir annan tomatinn og þá sagði hinn: Komdu tómatsósan þín!

➤ Slúður og kjaftasögur (gróusögur)

- Snúast gjarnan um einkalíf samferðarmanna eða þekktra einstaklinga
 - Ólyginn sagði mér ...
 - Sel það ekki dýrara en ég keypti það en ...
 - Veistu hvað ég var að heyra / fréttu ...

➤ Flökkusögur (e. *urban legends*)

- Gjarnan lagðar í munn einhvers 3. aðila sem annaðhvort upplifði þetta sjálfur eða hefur það eftir vini, kunningja eða ættingja. Stundum segist sögumaður hafa upplifað þetta sjálfur.
 - Sambærilegar sögur oft í gangi í fleiri en einu landi